

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
B.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Smiðju við Tjarnargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. marz 2026

SENT Á UMSAGNAGÁTT

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (vefverzlun með áfengi), 479. mál**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 10. marz sl., um umsögn félagsins um ofangreint mál, á þingskjali 801. Með frumvarpinu er lagt til að innlend vefverzlun með áfengi verði heimiluð einkaaðilum og þannig gerð breyting á umfangi einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengra drykkja.

**I. Lagalegur skýrleiki um heimild til innlendarar netverzlunar með áfengi**

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að markmið þess sé að heimila smásölu áfengis í gegnum innlendar vefverzlanir og setja skýran lagaramma um slíka starfsemi sem þegar fer fram, m.a. um leyfisveitingar, eftirlit og fyrirkomulag sölu og afhendingar áfengis. Þá sé markmiðið ekki síður að jafna stöðu innlendra áfengisvefverzlana við sambærilegar verzlanir erlendis, sem íslenskum neytendum sé nú þegar heimilt að verzla við. Þessi markmið styður FA heils hugar, enda hefur félagið árum saman kallað eftir lagalegum skýrleika í þessum efnum og sent ráðuneytunum, sem farið hafa með málefni áfengislöggjafarinnar, ítrekuð erindi þar að lútandi – fyrst dómsmálaráðuneytinu og nú síðast fjármála- og efnahagsráðuneytinu eftir að málaflokkurinn fluttist þangað. FA tók jákvæða afstöðu til frumvarpsdraga þáverandi dómsmálaráðherra, sem frumvarpið er byggt á samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð, og hvatti til þess að þau yrðu lögð fram sem frumvarp á Alþingi. Af því varð ekki. Núverandi fjármála- og efnahagsráðherra, samflokksmaður flutningsmanna, hefur ekki sinnt hvatningu félagsins um að leggja fram frumvarp um endurskoðun á áfengislöggjöfinni og ber þess vegna að fagna því að almennir þingmenn hafi tekið af skarið og lagt fram þetta þingmál.

Í greinargerð frumvarpsins er réttilega bent á að engar hömlur hafa verið á að einstaklingar flytji inn áfengi sem þeir kaupa af erlendum vefverzlunum, enda myndi slíkt brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Af þeim sökum hefur FA talið ljóst að innlend vefverzlun með áfengi væri jafnframt heimil, út frá sjónarmiðum um jafnræði, þótt hún hafi ekki verið heimiluð sérstaklega í áfengislögum. Eða eins og segir í greinargerð frumvarpsins: „Erfitt er að finna fordæmi í íslenskum rétti þar sem neytendum er meinað að kaupa vöru af innlendra verslun sem þeir mega kaupa af erlendra verslun og fá senda heim að dyrum.“ Það er að mati FA staða sem engan veginn getur gengið upp og er mikilvægt að eyða öllum vafa um það atriði.

FA tekur sömuleiðis heils hugar undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerðinni, að málefnaleg rök skorti fyrir þeirri takmörkun á atvinnufrelsi að innlendir aðilar megi ekki keppa við erlenda að

Þessu leyti. Félagið er sammála þeirri ályktun sem flutningsmenn draga af núverandi ástandi; að takmarkanir á starfsemi innlendrar vefverzlunar nái ekki markmiði sínu vegna þess að almenningur getur engu að síður flutt inn áfengi frá erlendum vefverzlunum að eigin vali. Þá tekur félagið eindregið undir það sem segir í greinargerðinni; að verði ekki gripið til aðgerða, muni áfram ríkja óvissa um lögmæti innlendra vefverzlana með áfengi, sem hvorki sé ásættanlegt fyrir stjórnvöld né almenning.

## II. Tvískinnungur og geðþóttaákvæðanir ríkisins eru óþolandi fyrir atvinnurekstur

FA bendir á að í þessum málum ríkir ekki eingöngu lagalegur óskýrleiki, heldur beinlínis hróplegt ójafnræði og ranglæti. Þannig hefur íslenska ríkið beitt sér fyrir því að sumum einkaaðilum sé veitt undanþága frá þeim einkarétti ríkisins til smásölu, sem kveðið er á um í 10. gr. áfengislaga. Það hefur gerzt með lagabreytingu, eins og þegar smáframleiðendum áfengis var veitt heimild til sölu á framleiðslustað með lögum nr. 35/2022. Það hefur líka gerzt án nokkurrar lagabreytingar, eins og þegar ríkisfyrirtækið Isavia ohf., með fulltingi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, veitti einkafyrirtækinu Heinemann sérleyfi til að reka stærstu vínbúð landsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli í janúar 2025. Þar er ekki um það að ræða að einkaaðili taki að sér rekstur ríkiseinkasölu með sömu réttindum og skyldum og áður. FA sendi fjármála- og efnahagsráðuneytinu erindi 20. marz 2025, þar sem óskað var staðfestingar á því að vöruvalsreglur, sem giltu um ríkiseinkasöluna í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, giltu áfram um fríhafnarverzlun Heinemann. Svar ráðuneytisins, sem barst 10. apríl 2025, var afdráttarlaust um að ákvæði tollalaga um vöruvalsreglur giltu ekki um einkaaðila og ekki færi á milli mála að Heinemann væri einkafyrirtæki.

Í febrúar síðastliðnum opnaði fríhafnarverzlun Heinemann síðan netverzlun. Hægt er að panta áfenga drykki í henni og sækja í brottfararverzlun á Keflavíkurflugvelli. Við þetta hefur íslenska ríkið ekki gert neinar athugasemdir. Forsvarsmaður annars einkafyrirtækis, Kjútís, sem er félagsmaður í FA, og stjórnandi Icelandic Trading Company b.v., hollenzks fyrirtækis sem rekur netverzlun með áfengi undir merkjum Smárikisins, hefur hins vegar mátt sæta ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir meint brot á 10. gr. áfengislaganna. Er hann eini atvinnurekandinn af um 30, sem selja íslenskum neytendum áfengi á netinu, sem mátt hefur sæta slíkri meðferð.

Þetta er gjörsamlega óþolandi staða fyrir fyrirtæki sem verzla eða geta hugsað sér að verzla með áfengi; að íslenska ríkið umgangist reglurnar eins og því hentar, veiti sumum sérstakar undanþágur, jafnvel án lagabreytingar, og láti sum fyrirtæki sem stunda áfengissölu óáreitt, en láti aðra fyrirtækjaeigendur sæta ákæru og hóti þeim refsingu. Lagaramminn um samkeppnisumhverfið verður að vera skýr, eins og mikilvægt er í öllum fyrirtækjarekstri, og geðþóttaákvæðanir ríkisvaldsins um það hverjir þurfi að fara eftir reglunum og hverjir ekki eiga ekki að vera í boði. FA telur mikilvægt að óvissunni verði eytt og styður því í öllum meginatriðum þá breytingu, sem lögð er til með frumvarpinu.

Þess má geta í þessu samhengi að FA er allsendis ósammála þeim ummælum formanns allsherjar- og menntamálanefndar, sem hann viðhafði í þætti á Rás 2 hinn 6. janúar síðastliðinn, að leiðin til að skýra áfengislöggjöfina að þessu leyti væri að dómsmálið gegn félagsmanni FA fengi bara að hafa sinn gang og svo gæti fjármála- og efnahagsráðuneytið kannski sett fram tillögur um breytingu á löggjöfinni í kjölfarið. Stjórnmalamenn geta ekki hlaupizt undan því verkefni sínu að fara í endurskoðun áfengislöggjafarinnar, sem er löngu tímabær. Það er ekki merkileg afstaða hjá stjórnmalamönnum að skirrast við að sinna þeirri skyldu sinni að hafa frumkvæði að því að laga löggjöfina að þróun samfélags

og tækni, en kjósa í staðinn að setja einstaklinga á sakamannabekk og útvista verkefnum stjórnmalanna þannig til dómstóla.

### III. Mikilvægi heildarendurskoðunar á áfengislöggjöfnni

Að öllu þessu sögðu, ítrekar FA mikilvægi þess að fleiri skref verði stigin í framhaldi af samþykkt þessa frumvarps og farið í heildarendurskoðun á áfengislöggjöfnni. Ráðuneytið sem þá fór með málaflokkinn, dómsmálaráðuneytið, rakti í erindi til félagsins 8. október 2021, að áfengislög hefðu ekki tekið efnislegum breytingum í langan tíma og byggðu að mestu leyti á lögum frá 1969. „Færa má rök fyrir því að lögin hafi ekki þróast í takt við þá samfélagslegu þróun sem orðið hefur á undanförunum árum og á það einnig við um breytt mynstur verslunar, þá sérstaklega hvað varðar netverslun, innlenda sem erlenda. Þá hefur orðið mikil gróska í innlendri framleiðslu sem vart þekktist við gildistöku laganna. Á undanförunum árum hafa komið upp ýmis álitaefni sem hafa bent til þess að mikilvægt sé að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verslunar og framleiðslu áfengis hér á landi,“ sagði í erindi ráðuneytisins.

Síðan hefur undarlega lítið gerzt í þessari heildarendurskoðun. Ekki varð þess vart að hún væri í gangi á meðan dómsmálaráðuneytið fór með málaflokkinn. Eins og áður sagði, hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið ekki svarað erindi FA varðandi heildarendurskoðun áfengislaganna, en í því var beðið um upplýsingar um þá vinnu sem fram hefði farið frá 2021 við slíka endurskoðun. Um þetta efni vísast nánar til umsagnar félagsins um áðurgreind frumvarpsdrög þáverandi dómsmálaráðherra, dags. 14. október 2024, og áðurnefnds erindis til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 14. janúar 2026, en síðara skjalið fylgir þessari umsögn sem fylgiskjal.

### IV. Tækifæri löggjafans til áhrifa á þróunina

Eins og FA hefur ítrekað bent á - og dómsmálaráðuneytið tekur undir - hefur áfengislöggjöfin ekki fylgt þróun samfélags og viðskiptahátta og t.d. alveg misst af tilkomu internetsins og samfélagsmiðla. Áfengisauglýsingar eru þannig í orði kveðnu bannaðar, en þær eru engu að síður mjög víða í miðlaumhverfi okkar, oft á miðlum sem íslensk stjórnvöld hafa enga lögsögu yfir. En af því að löggjöfin gerir ráð fyrir að þær séu ekki til, gilda ekki um þær neinar reglur.

Sama má segja um netverzlun með áfengi; löggjöfin gerir ekki ráð fyrir að hún sé til og þá eru engar reglur um t.d. leyfisveitingar, afhendingu vöru eða önnur skilyrði. Úr því er bætt með þessu frumvarpi. FA telur t.d. ákvæði þess mikilvæg um að kaupendur áfengis færi bæði sönnur á aldur sinn með rafrænum skilríkjum við kaup vöru og aftur með löglegum skilríkjum þegar hún er afhent. Þannig er framkvæmdin reyndar hjá flestum eða öllum netverzlunum í dag, en löggjafinn hefur ekki sett um það neinar reglur. Að mati FA er mun skynsamlegra að löggjöfin fylgi þróun tækni, viðskipta og samfélags og löggjafinn hafi fyrir vikið einhver áhrif á þá þróun, en að stjórnmalamenn stingi höfðinu í sandinn eins og þeir hafa gert undanfarin ár og neiti að horfast í augu við að breytinga sé þörf.

### V. Að lokum

Félag atvinnurekenda hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi hið fyrsta, enda er það brýnt til að draga úr óþolandi réttaróvissu og ójafnræði, sem núverandi ástand skapar. Félagið leggur ennfremur ríka áherzlu á að ráðizt verði hið fyrsta í heildarskoðun á áfengislöggjöfnni, með viðskiptafrelsi að leiðarljósi, til að eyða frekara ójafnræði og samkeppnishömlum á

áfengismarkaðnum. Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er að sjálfsögðu reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Erindi FA til fjármála- og efnahagsráðherra dags. 14. janúar 2026

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Daði Már Kristófersson ráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2026

## Efni: Endurskoðun á áfengislöggjöfnni og netverzlun með áfengi

Félag atvinnurekenda (FA) gætir hagsmuna fjölda fyrirtækja á áfengismarkaði, sem starfa við innflutning, framleiðslu og sölu áfengis.

### Þrjár spurningar - einni svarað

Félagið vísar til fyrri samskipta sinna við fjármála- og efnahagsráðuneytið og dómsmálaráðuneytið vegna lagaumhverfis netverzlunar með áfengi. FA sendi fyrrnefnda ráðuneytinu erindi 9. ágúst 2021 og benti á nauðsyn þess að stjórnvöld skýrðu þær reglur, sem giltu um netverzlanir með áfengi, í þágu öryggis og fyrirsjáanleika í viðskiptum. Óskað var svara innan tveggja vikna, enda varðaði erindið mikilvæga hagsmuni. Erindið var ítrekað 25. ágúst sama ár. Fjármála- og efnahagsráðuneytið vísaði, með bréfi dags. 27. ágúst 2021, erindinu til dómsmálaráðuneytisins, sem fór þá með málefni áfengislöggjafarinnar.

FA spurði þriggja skýrt afmarkaðra spurninga, sem dómsmálaráðuneytið fékk það hlutverk að svara:

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðenda með staðfestu á Íslandi, líkt og fer fram á bjorland.is, í samræmi við lög?
- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Svarbréf barst frá dómsmálaráðuneytinu (eftir ítrekanir) 8. október 2021. Í stuttu máli treysti ráðuneytið sér ekki til að svara spurningum 2) og 3), en af svarinu varð ráðið að ráðuneytið liti svo á að innlend netverzlun, sbr. spurningu 1) væri óheimil að óbreyttum lögum.

### Mikilvægi heildarendurskoðunar áfengislaganna

Í bréfi ráðuneytisins var rakið að áfengislög hefðu ekki tekið efnislegum breytingum í langan tíma og byggðu að mestu leyti á lögum frá 1969. „Færa má rök fyrir því að lögín hafi ekki þróast í takt við þá samfélagslegu þróun sem orðið hefur á undanförunum árum og á það einnig við um breytt mynstur verslunar, þá sérstaklega hvað varðar netverslun, innlenda sem erlenda. Þá hefur orðið mikil gróska í innlendra framleiðslu sem vart þekktist við gildistöku laganna. Á undanförunum árum hafa komið upp ýmis álitæfni sem hafa bent til þess að mikilvægt sé að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verslunar og framleiðslu áfengis hér á landi,“ sagði í erindi ráðuneytisins.

Undir þetta var tekið í svarbréfi FA, dags. 12. október 2021, en félagið hefur ítrekað hvatt til heildarendurskoðunar á áfengislöggjöfinni. „FA og félagsmenn þess lýsa sig reiðubúin að taka þátt í slíkri heildarendurskoðun á lagarammanum um sölu, markaðssetningu og gjaldtöku af áfengi ásamt ráðuneytinu og öðrum hagsmunaaðilum. Félagið telur sig hafa þar mikilvægri þekkingu, sjónarmiðum og gögnum að miðla. Í ljósi hinnar óvissu stöðu á áfengismarkaðnum telur félagið brýnt að þessi vinna hefjist sem allra fyrst,“ sagði í svari FA til dómsmálaráðuneytisins.

Þar voru spurningar 2) og 3) jafnframt ítrekaðar og bent á mikilvægi þess að eyða óvissu og tryggja fyrirsjáanleika og öryggi í viðskiptum. Engin frekari svör bárust frá ráðuneytinu, hvorki svör við spurningunum né viðbrögð við boði félagsins um þátttöku í þeirri heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar, sem ráðuneytið hafði sagt mikilvæga.

Málefni áfengislöggjafarinnar hafa nú flutzt til fjármála- og efnahagsráðuneytisins skv. forsetaúrskurði og beinir FA því þessu erindi til ráðuneytisins.

### **Ráðuneyti löggæzlumála gat ekki svarað en lögregla telur lögin skýr**

Í ljósi þeirra viðbragða dómsmálaráðuneytisins, sem að ofan eru rakin, lýsir FA furðu sinni á þeirri stefnu, sem síðan hefur verið tekin í málefnum fyrirtækja sem selja íslenskum neytendum áfengi á netinu. Þau eru nú tæplega 30 talsins og starfa flest með þeim hætti að neytendur verzla við fyrirtæki með staðfestu í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, sem starfrækja lager og afhendingarstaði á Íslandi. Óumdeilt er að neytendur hafa í þá rúmlega þrjá áratugi sem EES-samningurinn hefur verið í gildi, verið í fullum rétti að kaupa áfengi af póst- og netverzlunum í öðrum EES-ríkjum í krafti ákvæða samningsins um frjáls vöruviðskipti. Að mati FA getur það hvorki staðizt jafnræðisreglu né atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrár Íslands að heimila fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum slík viðskipti við íslenska neytendur en banna fyrirtækjum í eigu íslenskra borgara, með vörugeymslu og afhendingarstaði á Íslandi, að stunda þau.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur haft starfsemi netverzlana til skoðunar í meira en fjögur ár. Eins og áður sagði eru þær hátt í 30 talsins og í hópi þeirra eru ein af stærstu stórverzlanakeðjum heims og fyrirtæki í eigu stærstu matvöruverzlanakeðju landsins. Engu að síður hefur lögregla eingöngu gefið út eina ákæru vegna meintra brota gegn einkaleyfi Áfengis og tóbaksverzlunar Íslands á smásölu áfengis og beinist hún að forsvarsmanni Kjútís, félagsmanns FA, og stjórnanda Icelandic Trading Company b.v., hollenzks fyrirtækis sem rekur netverzlun með áfengi undir merkjum Smáríkisins. Afskipti voru jafnframt höfð af afhendingarstöðum Smáríkisins og eins annars fyrirtækis 26. desember sl. á þeim forsendum að ekki mætti hafa áfengisútsölu opna á þeim degi skv. áfengislögum. Að mati FA er þó augljóst að afhendingarstaðir fyrir netpantanir eru ekki útsölustaðir vöru.

Að mati FA er ljóst að með því að gefa út ákæru gagnvart minni aðila á markaðnum, fremur en þeim stærri, og hafa afskipti af afhendingarstöðum hans á sama tíma og stærri aðilar eru látnir óáreittir, gerir lögreglan sig seka um geðþóttaákvæðanir um beitingu opinbers valds og ógeðfellda mismunun gagnvart fyrirtækjum. Minni aðili, sem hefur minni bjargir til að grípa til varna, er tekinn fyrir en þeim stærri hlíft.

Í viðtölum í fjölmiðlum hefur sviðsstjóri ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sagt að ekki hefði verið gefin út ákæra nema lögregla væri þess fullviss að salan væri ólögmæt. Það gefur þó auga leið að þannig liggur ekki í málinu. Ef löggjöfin væri skýr og fortakslaus um bann við starfsemi eins og þeirri, sem félagsmaður FA rekur, hefði afhendingarstöðum netverzlana verið lokað með lögregluvaldi fyrir löngu og ákæur verið gefnar út á hendur öllum forsvarsmönnum þeirra. Í ljósi þess að dómsmálaráðuneytið, sem fer með málefni lögreglunnar, treysti sér ekki til að svara efnislega skýrum spurningum FA, sbr. ofangreint, er engin leið að halda því fram að löggjöfin, sem fyrirtækjum er ætlað að starfa eftir á þessum markaði, sé skýr og auðskilin. Er það þó grundvallarkrafa í réttarríki að lögin séu skýr og borgurunum ljóst hver eru réttindi þeirra og skyldur samkvæmt löggjöfinni. Það er skylda stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar og Alþingis, að tryggja að löggjöfin sé skýr og taki mið af samfélags- og tækniþróun, þar á meðal þróun verzlunarháttá, eins og vikið var að í áður nefndu svari dómsmálaráðuneytisins við erindum FA.

### Stjórnámálamenn leggja ólíkan skilning í lögin

Þess má geta í þessu samhengi að eins og vikið var að í bréfi FA til ráðuneytisins sumarið 2021 hafði þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, þá nýlega lýst því yfir að netverzlanir með áfengi störfuðu „innan ramma EES-samstarfsins“. Ráðherrann sagðist jafnframt eiga erfitt með að sjá að netverzlun með áfengi stangaðist á við lög og að hann fagnaði netverzlun með áfengi, hún væri frábær viðbót. Tveimur árum síðar, í viðtali við mbl.is 14. júní 2023, sagði Jón Gunnarsson, þáverandi dómsmálaráðherra, sem fór þá með málefni áfengislöggjafarinnar, að hann gæti ekki dregið aðra ályktun en að netverzlun með áfengi væri lögmæt. Í viðtali við sama miðil í síðustu viku, 5. janúar, segir ráðherrann, sem nú fer með málefni áfengislöggjafarinnar, viðtakandi þessa bréfs: „Álit okkar, dómsmálaráðuneytisins og ytri aðila, er svo að það sé í sjálfu sér engin óvissa og þetta snúist bara um að framfylgja lögnum. Menn geta tekist á um hvort lögin eigi að vera svona eða einhvern veginn öðruvísi en ég tek ekki undir það að það sé óvissa í lögnum.“

Eins og áður segir er það hlutverk stjórnvalda, ríkisstjórnar og Alþingis, að setja löggjöf sem er skýr og skiljanleg borgurunum. Það að ráðherrar og þingmenn skilji löggjöfina með gjörólíkum hætti, sýnir betur en ýmislegt annað þörfina á því að endurskoða hana og skýra, þannig að fyrirtæki sem starfa á áfengismarkaðnum viti að hverju þau ganga. Félag atvinnurekenda óskar því upplýsinga um þá vinnu sem farið hefur fram á vegum dómsmálaráðuneytisins og síðar fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi heildstæða endurskoðun áfengislöggjafarinnar, sem fyrrnefnda ráðuneytið taldi tímabæra og mikilvæga fyrir rúmlega fjórum árum. Hvernig hefur tíminn verið nýttur síðan?

### Verkefni stjórnmalanna útvistað til dómstóla

Í viðtali á Rás 2 hinn 6. janúar sl. lýsti Víðir Reynisson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þeirri skoðun að leiðin til að skýra löggjöf um netverzlun með áfengi væri að mál forsvarsmanns Kjútís, félagsmanns FA, færi fyrir dómstóla. Að dómi fengnum gæti svo farið að fjármála- og efnahagsráðuneytið setti fram tillögur að breytingu á löggjöfinni, sem færu svo í samráðsferli og mögulega til afgreiðslu á Alþingi. Í áður nefndu viðtali við mbl.is virðist fjármála- og efnahagsráðherra lýsa sömu skoðun, þegar hann segir: „Oft er það þannig að túlkun laga þróast í gegnum dómstóla. Það er ekki heppilegt og betra er ef lög eru þannig að það þurfi ekki en þetta er ekki einsdæmi.“ Þessi ummæli ráðherra benda raunar til þess að hann telji löggjöf um netverzlun með

áfengi alls ekki skýra – en því hafði hann hafnað litlu framar í viðtalinu og sagt að ekkert væri óskýrt í löggjöfinni.

FA leyfir sér að lýsa sig algjörlega ósammála þeirri skoðun að bezt sé að löggjöfin þróist fyrir tilstilli dómstóla. Svo virðist sem stjórnmalamenn, þar með taldir fjármála- og efnahagsráðherra og formaður allsherjar- og menntamálanefndar, treysti sér ekki til að fara í þá endurskoðun áfengislöggjafarinnar, sem er löngu tímabær, og kjósi að slá viðfangsefninu á frest með því að láta ákæru á hendur félagsmanni FA ganga sína leið fyrir dómstólum. Fremur en að sinna þeirri skyldu sinni að hafa frumkvæði að því að laga löggjöfina að þróun samfélags og tækni, kjósa þeir að setja einstaklinga á sakamannabekk, því að í ákærinni á hendur forsvarsmanni Kjútis er þess krafizt að viðkomandi verði dæmdur til fangelsisrefsingar. Það er svo áleitin spurning, fari svo að dómstólar dæmi félagsmann FA til refsingar fyrir að starfa á grundvelli ákvæða EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga, hvort forsvarsmenn allra hinna fyrirtækjanna sem stunda netverzlun með áfengi við íslenska viðskiptavinum, þar á meðal stjórnendur hjá alþjóðlegum stórfyrirtækjum, fái sömu meðferð hjá valdinu.

### **Einkaréttur í orði en ekki á borði**

Ákæran á hendur forsvarsmanni Kjútis byggist á því að brotið hafi verið gegn ákvæðum áfengislaga um einkarétt íslenskra ríkisins á smásölu áfengis. Raunveruleikinn er sá að ríkið hefur ekki lengur neinn raunverulegan einkarétt á smásölu áfengis. Netverzlanir eru staðreynd og hafa stjórnvöld ekki haft nein teljandi afskipti af starfsemi þeirra flestra, með undantekningum sem að ofan greinir. Smáframleiðendum hefur verið veitt lagaheimild til að selja áfengi á framleiðslustað – og sú sala hafði raunar farið fram um árabíl án lagaheimildar, en jafnframt án athugasemda eða inngripa löggæzlunnar. Fjöldi vínáhugamanna fær í gegnum vínklúbba allt sitt léttvín og meira til, en það áfengi fer ekki um áfengisútsölur ríkisins. Vegasjoppur og matvöruverzlunin í Leifsstöð selja fólki óopnað áfengi til að hafa með sér án athugasemda stjórnvalda og er þó þéttni starfsmanna löggæzlunnar óvísanleg meiri en á alþjóðaflugvællinum.

Ráðuneytið var sjálft með í ráðum er einkafyrirtæki var með útboði falið að reka stærstu vínbúð landsins, Fríhöfnina á Keflavíkurflugvelli. Skemmst er að minnast bréfaskipta FA og ráðuneytisins síðastliðið vor, en 20. marz 2025 óskaði FA upplýsinga um hvort ráðuneytið teldi vöruvalsreglur, sem settar voru um ríkiseinkasöluna í Fríhöfninni eftir afskipti Eftirlitsstofnunar EFTA, gilda um verzlun Heinemann eftir að það fyrirtæki tók við rekstri Fríhafnarinnar. Í svari ráðuneytisins, sem barst 10. apríl sl., er undirstrikað að ákvæði tollalaga, sem vöruvalsreglurnar byggðust á, gildi ekki um einkaaðila og ekki fari á milli mála að Heinemann sé einkafyrirtæki. Ríkið hefur því ekki aðeins einkavætt Fríhöfnina, heldur búið svo um hnúta að þrátt fyrir að vera í einokunarstöðu á Keflavíkurflugvelli þarf einkafyrirtækið ekki að fara eftir reglum, sem ætlað var að tryggja jafnræði og gegnsæi í viðskiptum við birgja.

Allt ber þetta að sama brunni. Einkaréttur ríkisins er í orði, en ekki á borði. Fjöldi undantekninga er á honum og fyrir mörgum þeirra hefur íslenska ríkið beitt sér sjálft. FA telur að ráðherra verði að axla ábyrgð á því verkefni, nú þegar áfengislögin heyra undir ráðuneyti hans, að hafa frumkvæði að heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar sem taki m.a. mið af þeirri þróun sem að ofan er lýst. Það er algjörlega óþolandi fyrir fyrirtæki sem starfa á áfengismarkaðnum að alls konar starfsemi, sem er ekki í samræmi við áratugagamlan og úreltan lagabókstaf, sé látin óáreitt af hálfu stjórnvalda en

einstök fyrirtæki megi sæta handahófskenndum geðþóttaákvörðunum lögreglu um inngrip í starfsemi þeirra og hótunum um fangelsisvist forsvarsmanna þeirra, á grundvelli sömu löggjafar.

### Að lokum

Félag atvinnurekenda leggur að lokum fram eftirfarandi ábendingar og fyrirspurnir til ráðherra og ráðuneytis hans.

1. Félagið hvetur ráðherra til að beita sér fyrir þeirri „heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verslunar og framleiðslu áfengis hér á landi“ sem dómsmálaráðuneytið, sem þá fór með málefni áfengislöggjafarinnar, taldi mikilvæga fyrir rúmunum fjórum árum. Að mati FA er lykilatriði að í þeirri endurskoðun séu ákvæði um netverzlun með áfengi, sem taka mið af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þess gætt að fyrirtækjum í eigu íslenskra aðila sé ekki mismunað eða atvinnufrelsi þeirra skert, um leið og fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum er heimilt að selja íslenskum neytendum áfengi á netinu. FA er að sjálfsögðu reiðubúið að taka þátt í þessari vinnu og ítrekar það boð, sem sent var dómsmálaráðuneytinu fyrir rúmunum fjórum árum eins og að framan greinir.
2. FA óskar eftir að fá afhentar upplýsingar, t.a.m. skýrslur, erindi og minnisblöð sem kunna að hafa verið unnin í dómsmálaráðuneytinu og eftir atvikum fjármála- og efnahagsráðuneytinu, varðandi endurskoðun áfengislöggjafarinnar, allt frá árinu 2021.
3. FA óskar eftir að fá afhent þau minnisblöð, lögfræðiálit og skýrslur sem ráðherra vísaði til í viðtali við mbl.is er hann sagði: *Álit okkar, dómsmálaráðuneytisins og ytri aðila, er svo að það sé í sjálfu sér engin óvissa og þetta snúist bara um að framfylgja lögnum.*“

Svars við erindi þessu, með þeim gögnum og upplýsingum sem farið er fram á að fá afhent hér að ofan, er óskað hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA